

SKÝRINGAR

Þinghólsbraut 17, landnúmer 116471, staðgreinir: 1000-1-95500170, er íbúðarhús með áföstum bílskúr, við austurhlíð bílskúrs er spennistöð (Þinghólsbraut 17A), henni fylgja kvaðir. Húsið er einbýli, ein hæð og ris, hlaðið úr holsteini, einangrað og múrhúðað að utan. Þak hússins er bárujámbsklætt timburþak með kvistum, gluggar eru úr timbri. Samþykktir aðaluppdrættir hússins eru frá árinu 1953, en bílskúrs og spennistöðvar frá árinu1962.

BYGGINGARÁFORM

Óskað er eftir leyfi fyrir viðbyggingu á suðurhlíð hússins, að taka niður minni kvistinn á suðurþaki, í hans stað komi stærri kvistur með einhalla þaki, innra fyrirkomulagi rishæðar verður breytt. Reykháfur sem er ekki lengur notaður verður tekinn niður. Einnig er óskað eftir samþykki fyrir þegar áorðnum breytingum, í bílskúr er nú geymsla og eldhús. Á suðurhlíð bílskúrs þar sem eldhúsið er nú hefur verið sett hurð í stað glugga. Í norðurenda bílskúrs sem nú er geymsla er útlitið óbreytt að utanverðu.

BYGGINGARLÝSING

VIÐBYGGING

Viðbyggingin mun nýtast sem stofa, hún verður framanvið núverandi borðstofu, tveir gluggar verða fjarlægðir og gerð dyraop út í viðbygginguna. Gólf viðbyggingar er 30cm neðar en gólf aðalhúss. Framan við viðbyggingu verður pallur, uppbygging hans er hefðbundin.

Burðarvirki

Viðbyggingin er grunduð á frostfríri fyllingu. Sökkjar og botnplata eru staðsteypt, einangruð með 100mm plasteinangrun. Útveggir og þak verða byggð úr timbri. Þakvirki verður úr timbursperrum 45x145mm c/c 600mm sem sitja á útveggjum og límrésbita í lofti. Grind útveggja verður 45x145mm timburgrind stífuð af með krossvið. Þaksperrur verða klæddar með þakkrossvið, vatnsheldum öndunardúk, lektum/borðaklæðningu og tveimur lögum af ábræddum þakpappa.

Útveggir

Útveggir eru klæddir að utan með loftræstri standandi timburklæðningu. Að innan eru útveggir klæddir með rakavörn, lagnagrind og klæðningu í a.m.k. flokki 2. Einangrun útveggja er steinull 150 mm. Timburklæðning að utan er í viðarlit. Gluggar og úthurðir eru dökkgrá.

Þak

Þak verður loftað timburþak með 1:40 þakhalla og klætt með tvöföldu lagi af ábræddum pappa á krossvið. Þak er byggt upp með berandi þaksperrum 45x245mm. Einangrun verður 220mm steinullareinangrun. Þak verður loftað í gegnum öndunardúk og lektur/gisna borðaklæðningu undir þakklæðningu. Þaksperrur eru klæddar að neðan með rakavörn, neðan á rakavörn kemur lagnagrind 45x45mm og neðst er klæðning í a.m.k. flokki 2.

Gólfefni

Viðbyggingin verður upphituð með gólfhita, rör verða steipt í gólfplötu. Hitalagnir einangrist á hefðbundinn hátt. Gólf verður lagt parketi.

Gluggar og hurðir

Nýjir gluggar, úthurð (rennihurð) eru ál-timbur, með máluðu timbri að innan. Allir gluggar og rennihurð eru verksmiðjuframleidd með slitinni kuldabrá frá viðurkenndum framleiðenda. Gler er tvöfalt glært einangrunargler. Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vera vottaðir af NMÍ. Gler í gluggum og rennihurð í útveggjum verða í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á. Öryggisglas verður í rennihurð og gólfisðum gluggum.

KVISTUR

Burðarvirki

Útveggir og þak verða byggð úr timbri. Þakvirki verður úr timbursperrum 45x145mm c/c 600mm sem sitja á útveggjum og límrésbita í lofti. Grind útveggja sé 45x145mm timburgrind stífuð af með krossvið. Þaksperrur verða klæddar með þakkrossvið, vatnsheldum öndunardúk, lektum/borðaklæðningu og þakjámi.

Útveggir

Útveggir eru klæddir að utan með loftræstri standandi timburklæðningu. Að innan eru útveggir klæddir með rakavörn, lagnagrind og klæðningu í a.m.k. flokki 2. Einangrun útveggja er steinull 150 mm. Timburklæðning að utan er í viðarlit. Gluggar eru dökkgrái.

Þak

Þak verður loftað timburþak með 7.4° þakhalla og klætt með þakjámi. Þak er byggt upp með berandi þaksperrum 45x245mm. Einangrun verður 220mm steinullareinangrun. Þak verður loftað í gegnum öndunardúk og lektur/gisinni borðaklæðningu undir þakklæðningu. Þaksperrur eru klæddar að neðan með rakavörn, neðan á rakavörn kemur lagnagrind 45x45mm og neðst er klæðning í a.m.k. flokki 2.

Gluggar

Nýjir gluggar, eru ál-timbur, með máluðu timbri að innan. Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir með slitinni kuldabrá frá viðurkenndum framleiðenda. Gler er tvöfalt glært einangrunargler. Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vera vottaðir af NMÍ. Gler í gluggum verður í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á.

Gólfefni

Gólf verður lagt parketi.

EINANGRUN, HEILDARLEIÐNITAP OG HEILDARORKUPÖRF:


Einangrun nýbyggingarhluta er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112.

U-gildi Byggingarhluta	W/m2K	Einingaþykkt	Gerð
Útveggir léttir	0,30	145 mm	Steinull
Þak	0,20	220mm	Steinull
Gluggar	1,20		
Hurðir	2,00		
Gólf á fyllingu	0,30		
Útveggir – vegið meðaltal (veggir, gluggar/hurðir) hámark	0,85		


Þær breytingar á eigninni við Þinghólsbraut 17 sem hér er sótt um leyfi fyrir munu ekki hafa áhrif á götumyndina að öðru leyti en því að reykháfur verður fjarlægður. Gætt verður að því að bæði efnis- og litaval nýbyggingarhluta falli vel að húsinu.

Uppdrættir þessir byggja á mælingu á staðnum og samþykktum byggingarnefndarteikningum Einars Júlíussonar arkitekts dags.6.6.1953, Sigurðar Ólafssonar dags.10.5.1962 og Þorvalds Kristmundssonar arkitekts dags. 1.12.1962.

Meðfylgjandi er minnisblað frá burðarþolshönnuði.



AFSTÖÐUMYND 1:500



ÞINGHÓLSBRAUT 17

200 KÓPAVOGUR

VIÐBYGGING, NÝR KVISTUR OG ENDURSKIPULAGNING

STÆRÐIR:

FYRIR BREYTINGU:

FLATARMÁL ÍBÚÐARHÚSS:	145,0
FLATARMÁL BÍLSKÚRS:	20,0
LÓÐARSTÆRÐ m2:	926,0
NÝTINGARHLUTFALL:	0.18

EFTIR BREYTINGU:

FLATARMÁL ÍBÚÐARHÚSS:	203,4
LÓÐARSTÆRÐ m2:	926,0
NÝTINGARHLUTFALL:	0.22

KVÖÐ ER UM SPENNISTÖÐ VEITNA OG UM GRAFTAR- OG UMFERÐARRÉTT Á LÓÐINNI

HEITI TEIKNINGAR:

AÐALUPPDRÁTTUR

TEIKNING SÝNIR:

AFSTÖÐUMYND

MKV. Í A2:

1:500

TEIKNING - NR:

A 1.01

VERK NR.:

21003

HANNAÐ OG TEIKNAD:

BJ

YFIRFARID:

BJ

Bergljót Jónsdóttir arkitekt
Háaleitisbraut 34
108 Reykjavík
S: 8953872
Netfang: bergljotsj@gmail.com
Kt.: 040364-3239

Bergljót Jónsdóttir